

Ed.

912. Nefndarálit

[252. mál]

um frv. til l. um fjarskipti.

Frá samgöngunefnd.

Eins og greinargerð frumvarpsins ber með sér hefur undirbúningur að gerð þess staðið um nokkurt skeið. Er frumvarpið flutt óbreytt frá því sem það var þegar nefndin, sú sem endurskoðaði frumvarpið, gekk frá því.

Frumvarpið var sent til umsagnar flugráðs, flugmálastjórnar, Háskóla Íslands, Verslunarráðs og Félags símverkja, símsmiða og línumanna hjá Pósti og síma.

Með breytingartillögum á þskj. 913 er leitast við að taka mið af þeim ábendingum sem fram koma í framangreindum umsögnum, en veigamesta breytingin er heimild ráðherra til að víkja frá einkarétti Pósts og síma í vissum tilvikum (sbr. 1. tl. brtt.).

Einn viðkvæmasti og vandasamasti þáttur þessa máls eru atvinnuréttindi símsmiða, línumanna og rafeindavirkja. Nefndin ræddi þau mál ítarlega við starfsmenn Pósts og síma, svo og rafeindavirkja.

Nefndin leggur áherslu á að við setningu reglugerðar samkvæmt 3. gr. frumvarpsins verði starfsréttindi þeirra símsmiða og línumanna, sem nú hafa með höndum uppsetningu notendabúnaðar hjá Pósti og síma, tryggð jafnframt því sem rafeindavirkjum verði tryggður réttur til að vinna að iðn sinni eins og atvinnuréttindi þeirra segja til um.

Í umsögnum og viðræðum við hagsmunaaðila kom fram gagnrýni á tegundaprófanir Pósts og síma. Nefnd gerir ekki tillögu um að tegundaprófanir verði færðar yfir í sjálfstæða stofnun. Hins vegar telur nefndin nauðsynlegt að samgönguráðherra setji Pósti og síma ströng skilyrði um tegundaprófanir, þjónustu við framleiðendur og innflutningsaðila, t. d. að upplýsingar um tæknikröfur á hverjum tíma séu jafnan fyrir hendi, synjun á notendabúnaði verði rökstudd og að tryggt sé að úrskurður um hæfni búnaðar liggi fyrir a. m. k. innan 30 daga eftir að umsókn er lögð fram.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 15. maí 1984.

Egill Jónsson,
form.

Skúli Alexandersson.

Karl Steinar Guðnason,
fundaskr.

Árni Johnsen.

Kolbrún Jónsdóttir,
með fyrirvara.

Jón Kristjánsson,
frsm.

Valdimar Indriðason.